

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000

GREINARGERÐ

FORSENDUR.

Hafnarsvæðið er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2008 sem staðfest var 31. ágúst 2010. Flatey er hluti af friðlýsingu Breiðafjarðar skv. sérlögum nr. 54/1995, þegar mat var lagt á kosti að smábátahöfn í Flatey kom í ljós að Innstipollur við Hólsbúðarvog var talinn besti kosturinn. Þessi staður er í allgöðu skjóli af eyjum og hölmum sunna Flateyar. Má því reikna með eins efnislitlum skjólgörðum og möguleiki er á. Ekki er gert ráð fyrir dýpkun á aðkomuleið.

SKILMÁLAR.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem á aðalskipulagi er áætlað sem opið svæði og hafnarsvæði H3 sem gerir ráð fyrir skjólhöfn fyrir smábata við Innstapoll í Flatey. Tekið skal tillit til að fornleifar eru á svæðinu, sbr kafla "Fornleifar" í umhverfisskýrslu hér til hlíðar.

A. Aðkoma - opið og óbyggt svæði.

Á opna svæðinu má koma fyrir vegslóða og lögnum að höfninni en skal að öðru leyti vera óhreyft. Ekki verður heimilt að nota þetta svæði sem athafnasvæði á byggingartíma eða sem lager fyrir efni, tæki eða nokkuð sem til fellur á byggingartíma hafnarinnar.

Slóðinn má vera allt að 3 m breiður eða að hámarki 4 m með vegðxlum. Yfirborð skal vera í samræmi við aðra veggi í Flatey en þeir eru með malayfirborði í dag. Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi lega. Leggia má lagnir, s.s. raflagnir, að höfninni meðfram slóðanum innan svæðisins. Lagnir skulu grafnar í jörð. Svæði A er um 1.900 m² að stærð.

B. Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðinu má koma fyrir bátalægi fyrir smábata ásamt bryggjum og athafnasvæðum sem fylgja slíkir starfsemi. Á athafnasvæði er byggingareitur fyrir geymslu og salernisaðstöðu. Byggingin má vera allt að 30 m að stærð á einni hæð. Mænishað skal mest vera 5,5 m mælt frá gólfi á efri brún sperru. Reiknað er með að salernisþró verði lokaður tankur.

Gera má skjólgarða báðu megin hafnarsvæðis og dýpka botn hafnarkvvarinnar niður í -2,5 m. Reiknað er með að smábátalægið verði í fyrsta áfanga 25x30m að stærð svo kemur innsiglingarennna ca 12x40m. Gerðir verða tveir grjótagarðar um 40 metra langir. Til að valda sem minnstri röskun er ætlunin að nýta efnið úr dýpkuninni í garðanna. Efnismagnið í garða er áætlað um 4000 m³.

Gert sé ráð fyrir stækkun á hafnarkvinni í austur um 20 - 30 m þannig að möguleiki verði á að bæta við plássum fyrir 8 - 12 báta. Halda skal öllu jarðraski í lágmarki og skal frágangur vera til fyrirmyndar og í samræmi við umhverfi. Svæði B er um 10.000 m² að stærð.

UMHVERFISSKÝRSLA

Áhrif deiliskipulagstillög á umhverfi og samfélag

Fornleifar. Fyrir liggur fornleifaskráning Náttúrfræðistofu Vestfjarðar frá ágúst 2010, skv. henni eru 16 minjar á tilvonandi framkvæmdasvæði. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins dags. 16. september 2010 er farið fram á að; minjar 80-003, 004, 017 og 018 verði vel merktar svo þær verði ekki fyrir raski á meðan á framkvæmdum stendur. Lendingar 80-020 og 021 (nr. skv skrá) verði mældar upp og ljósmyndaðar. Minjar 80-001, 002, 011, 012, 016 verði einnig mældar upp og ljósmyndaðar og að reynt verði að raska þeim eins lítið og hægt er. Stofnunin fer að auki fram á að grafnir verði könnunarskurðir í minjar 80-013 og 014 til að kanna eðli þessara minjastaða. Að lokum fer stofnunin fram á að gerð verði fornleifarannsókn á minjum 80-005 og 006. Að þessum skilyrðum uppfylltum leggst Fornleifavernd ríkisins ekki gegn áður nefndum framkvæmdum.

Landslag. Breyting á landslagi verður með byggingu garðanna en gert er ráð fyrir að allt efni í þá faist við dýpkun og því verður ekki um aðflutning á efni að ræða. Ekki liggur fyrir mat á umhverfisþáttum í sjó og vistkerfi með tilliti til hugsanlegra rofahrífa og áhrif hafnarframkvæmda á lífríki á sjávarbotni.


Samfélag. Sumarhúsaðfólk og ferðamenn nota í auknum mæli minni báta en erfitt er að stunda sjó úr fjöru eða frá ferjubryggjum vegna mikils munar á flóði og fjöru. Þá er staðsetning bryggjunnar ákjósanleg m.t.t. vestanvinda á vettum.

Niðurstaða og samantekt


Deiliskipulagstillagan er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins um búsetu og byggð þar sem segir m.a.; "Styrkja þarf búsetu í Reykhólahreppi. Yfirbragð byggðarinnar skal taka mið af náttúrulegu umhverfi sinu. Stefnt er að eflingu atvinnugreina tengdum ferðahjónustu og útivist, þannig að Reykhólahreppur verði eftirstóttur staður fyrir ferðamenn." Í samræmi við þessi markmið og áhrif á umhverfi og samfélag þá er það niðurstaða sveitarstjórnar að umhverfisáhrif breytinganna séu óveruleg. Áhrif á lífríki á sjávarbotni er óviss þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um þau á þessu stigi. Þess má geta að hafnarmannvirkin eru, eins og þau eru sýnd á teikningum Siglingastofnunar, um 3.500 m² að flatarmáli, þ.e. þeir fletir sem snerta sjávarbotninn beint; hafnarkvínn og varnargarðarnir.

Matsskylda

Framkvæmd smábátahafnar við Innstapoll í Flatey er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfis-áhrifum nr. 106/2000, sem þýðir að deiliskipulagstillagan er jafnframt háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



HLUTI AF GILDANDI AÐALSKIPULAGI REYKHÓLHREPPS 2006-2018 Mk. 1:5000



YFIRLITSMYND - SKÝRINGARMYND Mk. 1:2000

Afgreiðsla deiliskipulags í Flatey, Breiðafirði - Smábátahöfn við Innstapoll (sbr. 9. gr. laga nr. 105/2006):

Í umhverfisskýrslu fyrir deiliskipulagið voru metin umhverfisáhrif á fornleifar, landslag og samfélag. Niðurstaða umhverfisskýrslu var á þá leið að umhverfisáhrif voru talin vera talsvert neikvæð á landslag með tilkomu nýrra hafnarmannvirka vegna breytingar á ásjáð svæðisins en um er að ræða fjöru sem er lítt snortin. Áhrif á fornleifar eru einnig talsvert neikvæð. Gerð var fornleifakönnun á svæðinu í ágúst 2010 og kom þar fram að innan deiliskipulagssvæðisins er talsvert af minjum, þ.e. kálgarðar og uppsátur. Þar sem framkvæmdir eru áætlaðir við hafnargarða og veglagningar munu allnokkrar minjar verða fyrir raski. Æskilegt er að rannsaka nánar þær minjar sem munu skemmast vegna framkvæmdarinnar. Áhrif á samfélag voru talin jákvæð með tilkomu nýrrar smábátahafnar. Ekki voru skoðuð áhrif á lífríki fjöru og sjávar með tilkomu nýrra hafnarmannvirka þar sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar til að geta lagt mat á þá þætti. Þar sem framkvæmd smábátahafnarinnar er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum sbr. lög 12.04.

Valkostir sem skoðaðir voru fólust í staðsetningu hafnarinnar. Kostirnir voru þýskavör og Nýavör, við vogninn milli Vesturbúðarvarar og Teinæringsvogs, við Flateyjarbryggju og Innstipollur. Niðurstaða þessa skoðunar var sú að kostnaður og útfærsla myndi þýða mun meiri röskun á umhverfi en við Innstapoll sem reyndist vera hagkvæmasti kosturinn þar sem ekki reyntist þörf á að gera eins stóra garða eins og á hinum stöðunum og minni mannvirki og staðsetning gera það að verkum að umhverfisáhrif voru talin minni.

Skipulagið var áður auglýst 05.2.2010-26.3.2010. Þar sem barst ein athugasemd þar sem bent var á fornleifar sem vitað er um á svæðinu. Í auglýsingu á tilöggunni var notast við bráðabirgðaskráningu frá 1990 af svæðinu. Með tilliti til athugasemdar var farið í skráningu á svæðinu í ágúst 2010 og var niðurstöðu þeirrar skráningar bætt við deiliskipulagið. Við vinnslu tilögunnar var haft samráð við Breiðafjarðarnefnd og gerði hún ekki athugasemd við tillöguna. Samráð var haft við Umhverfisstofnun þar sem óskað var umsagnar um deiliskipulagið. Umsögn Umhverfisstofnunar barst 29. júní 2010 og var niðurstaðan að framkvæmdir ofansjávar muni ekki valda verulegum áhrifum en bendir á að nokkur óvissa ríki um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar neðan sjávar. Nánari upplýsingar skorti um hvaðan fjórðungs efnis í varnargarða mun koma upplýsingar um lífríki sjávar við Innstapoll og áhrif þess rasks er framkvæmdin hefur í för með sér. Samkvæmt áætlur Siglingamálastofnunar er gert ráð fyrir að magn uppúrtektar og efnismagn í gördum verði jafnt þannig að ekki þurfi að koma til viðbótar efnistaka. Viðbótargögn vegna tilkynningarskyldu munu gera frekari grein fyrir frekari umhverfisáhrif áður en að framkvæmdum kemur. Með bréfi Fornleifaverndar Ríkisins dags 19. október 2009 vegna umsóknar um byggingaleyfi Framfarafélags Flateyar þá var ítrekað mikilvægi þess að mæla upp minjar á svæðinu og að minjar væru ljósmyndaðar og óskað var eftir að málið yrði sent á ný til umsagnar. Á grundvelli fornleifaskráningu sem var framkvæmd í ágúst 2010 voru gerðar lagfæringar á gögnum m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2010.

Ekki er talin þörf á sérstökum mótvegisáðgerðum vegna deiliskipulagsins en nauðsynlegt er að við framkvæmdir verð vöktun þar sem þess verði gætt að raska fornleifum sem minnst á svæðinu og að almennt sé vel að verki staðið til að hlifa viðkvæmu landi.

Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi aðliggjandi deiliskipulag íbúðabyggðar sem var samþykkt 1996 sem er ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41.gr. skipulags- og byggingalaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags-, bygginga-, húsnæðis og hafnarnefnd þann _____ 2016 og sveitarstjórn þann _____ 2016

Tillagan var auglýst frá _____ 2016 með athugasemdafresti til _____ 2016.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2016.

Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi aðliggjandi deiliskipulag íbúðabyggðar sem var samþykkt 1996 og er ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

BR. DAGS. BREYTING. TEIN.

REYKHÓLHREPPUR

ALHÉIMAR REYKHÖLLUM - 390 REYKHÓLHREPPUR - Sími: 434 7880 - VEFANG: www.reykholar.is



LANDMÓTUN. HAMRABORG 12 - 20 KÖPAVOGUR - Sími: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmoton@landmoton.is

Flatey á Breiðafirði

DEILISKIPULAG AÐ SMÁBÁTAHÖFN VIÐ INNSTAPOLL

DEILISKIPULAG SKÝRINGARUPPDRATTUR GREINARGERÐ	SKIPULAG: Yngvi Þór Loftsson / Áslaug Traustadóttir TEIKNAD: AT SAMÞYKKT: YPL KT: 110262-4479 Ín Landmótun
KVARDI: 1:1000 VERKFR. 4502-DH0001	KÖPAVOGUR: dags. 20.02.2016 TEIKN. NR. D01